

Að hengja upp veggfóður úr náttúru efnum frá ARTE Wallcoverings

Áður en verk hefst:

Gangið úr skugga um að allar rúllurnar séu óskemmdar, vörunúmer og lotunúmer séu eins og að allir litir passi saman. Skoðið veggfóðrið innan 14 daga frá kaupum og látið vita ef gallar koma fram. Endilega geymið öll númer og kóða. Verið viss um að mynstrið snúi rétt. Það er á ábyrgð kaupanda að tryggja að veggfóðrið sé rétt hengt upp og í lagi. Ef spurningar vakna, hikið ekki við að senda tölvupóst á vefverslun@serefni.is eða serefni@serefni.is. Einnig má hringja í síma 517-0404 milli kl. 8 og 18 virka daga. Gangi ykkur vel!

Uppsetning á veggfóðri með pappírsbaki:

1. Verkfæri: Hallamál, skurðarstika, plastspaði og/eða mjúkur bursti (ef undirlagið er gróft), samskeytarúlla, svampur/tuska og dúkahnífur. Notið ekki önnur lím en sérhönnuð veggfóðurslím; í Sérefnum fæst límið Nordsjö Non-Woven (1L, 5L og 15L; þekja 3-5m²/L). Non-Woven vísar til veggfóðurs með pappírsbaki sem styrkt hefur verið með gervitrefjablöndu. Afar auðvelt er að ná slíku veggfóðri af vegg síðar meir.
2. Til að tryggja fullkomna áferð verður að undirbúa veggina vel. Fyllið upp í öll göt á veggjum, tryggið að veggur sé sléttur, þurr og að yfirborðið sé fast í sér. Hraunaðir veggir henta ekki sem undirlag.
3. Veggurinn ætti að vera einlitur svo engin litaskil sjáist í gegnum veggfóðursmynstrið. Notið grunn í svipuðum lit og veggfóðrið ef mikill litamunur er milli veggjar og veggfóðurs.
4. Hreinsið óhreini og fitu af veggjum með fituhreinsi, t.d. Nordsjö Málartvätt. Veggirnir mega ekki vera alkalískir (s.s. ber steinsteypa eða kalkmálaðir), þannig fleti skal grunna með t.d. Nordsjö Grund+ eða Microdispers.
5. Það fer eftir stærð mynsturs og flatar hvort byrjað er að líma í horni eða við miðju (oftast er byrjað frá horni). Merkið fyrir lengjunni og notið hallamál eða leysigeisla. Ekki gera ráð fyrir að herbergið sé fullkomlega hornrétt.
6. Mælið hæð veggjar og bætið nokkrum cm við, a.m.k. 2-3 cm efst og neðst. Ef mynstrið er stórgert verður að ákveða fyrst hvar formin í mynstrinu eiga að lenda á veggnum. Athugið hvort mynstrið er eins þvert á flötinn eða skásett (drop match). Klippið fyrsta renninginn og síðan aðra í samræmi við mynstur (önnur hver lengja er eins þegar mynstur er skáuð). Skerið fyrir tenglum, hurðum og gluggum áður en þið límið.
7. Ef veggfóðrið er með pappírsbaki verður að bleyta bakinu með rökum svampi. Látið bíða í 10-12 mínútur; þá hefur veggfóðrið þanist út um 2 cm (á 70 cm breiðri rúllu). Rúllið vel af [veggfóðurslími á vegginn](#). Stundum þarf að bera lím á veggfóðrið líka, sjá lýsingu á stökum veggfóðrum. Veggfóður með non-woven baki þarf ekki að bleyta.
8. Leggið endana á lengjunum saman inn á við að miðju svo límið þorni ekki og leggið svo alla lengjuna varlega saman. VIÐVÖRUN: Varist að fá brot í veggfóðrið því krumpurnar HVERFA EKKI eftir upphengingu.

9. Dragið fyrstu veggfóðurslengjuna upp í átt að lofti og losið efri hlutann í sundur. Festið lauslega efst og þrýstið/sléttið úr veggfóðrinu niður vegginn. Dragið þá neðri hluta lengjunnar í sundur og sléttið úr því niður vegginn. Látið lengjuna ná a.m.k. 2-3 cm upp fyrir kverk og niður fyrir gólfskil. Látið veggfóðrið ná 1-2 cm inn yfir hornið. Mikilvægast er að tryggja að fyrsti renningurinn sé beinn og mynstrið halli ekki því skekkja hefur áhrif á allar hinar lengjurnar. Ýtið lengjunni til í líminu þar til hún situr rétt.
 10. Notið veggfóðurspaða eða veggfóðursbursta til að slétta út loftbólur (ef undirlagið er gróft hentar bursti betur). Vinnið ykkur niður frá toppi til gólfs og frá miðju út til hliðanna.
 11. Skerið umframveggfóðrið efst og neðst með beittum dúkahníf. Gott er að leggja spaða eða stiku bak við hnífinn til að fá fallegan skurð og reynið að skera í einni hreyfingu. Notið nýtt brotablað í dúkahnífnum við næsta skurð.
 12. Þurrkið umfram lím af veggfóðrinu strax með svampi og köldu vatni. Hreinsið límið jafnóðum af veggfóðursskilum og listum svo það harðni ekki á yfirborðinu. Athugið að textílveggfóður þola ekki að fá lím á framhliðina.
 13. Þegar næsti renningur er settur upp þarf að gæta þess að mynstrið passi við þann fyrri. Því verður einhver afskurður af hverjum renningi, meira af stórgerðum mynstrum en smágerðum. Enginn afskurður er af einlitu og langröndóttu veggfóðri, nema efst og neðst.
 14. Notið litla samskeytarúllu fyrir veggfóður til að pressa saman samskeytin á lengjunum. Munið að gera það meðan límið er blautt.
 15. Látið þorna við herbergishita; ekki reyna að flýta þornun því þá gæti veggfóðrið hlaupið.
 16. Ef notað hefur verið of lítið lím gætu samskeytin losnað aðeins upp á pörtum. Það má laga með því að setja lím í litla sprautu og sprauta undir samskeytin. Rúlla svo yfir og þurrka umframlím.
- Hér er myndband sem sýnir uppsetningu á veggfóðri með non-woven baki
<https://www.youtube.com/watch?v=t31fSVLQJC8>
 - Hér er myndband sem sýnir aðferðir við að hengja upp veggfóður úr náttúru efnum
https://www.youtube.com/watch?v=z0UnW_zO95s&t=381s
 - Hér er myndband sem sýnir hvernig auðveldast er að hengja upp veggfóður með skásettu mynstri (drop match)
<https://www.youtube.com/watch?v=0ITeTyssCqA>



SÉREFNI

Dalvegi 32b, 201 Kópavogi | sími 517 0404 | [serefni.is](https://www.serefni.is)